

Áttundi fundur Hverfisnefndar Lunda-og Gerðahverfis.

Lundarskóli 22.08.2006, klukkan 20.30.

Mætt. Ingibjörg, Bryndís, Ingvar og Sædís.

Ingibjörg formaður setur fund.

Fyrsta verkefni á dagskrá var að skipuleggja aðalfund sem halda á 21. september næstkomandi. Ákveðið var að hann myndi hefjast klukkan 20.00. Rætt var um hvernig best væri að boða fundinn og var Sædís falið að hafa samband við Dagnýju til að ræða það mál. Ingibjörg tók að sér að sé að ræða við Markús um það hvort skólinn væri laus það kvöld. Ákveðið var að Ingvar myndir taka að sér fundarstjórn aðalfundar og Sædís yrði ritari hans. Nefndarmenn komu sér saman um að á aðalfundi yrði kosið í hverfisnefnd og að ný stjórn verði kosin á fundinum. Einnig var ákveðið að leita til Jóns Birgis starfsmanns framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar um að hann héldi erindi á aðalfundinum um umhverfis- og sorpmál.

Bryndís kynnti niðurstöður frá íbúafundi hverfisnefndar og var ákveðið að fyrir næsta fund myndu allir vera búnir að lesa yfir tillögur íbúa hverfisins og að þá verði ákveðið að hvaða málum best væri að nefndin beitti sér.

Fundi slitið kl. 21.40.

Sædís